

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/1102

2015/EES/74/33

frá 8. júlí 2015

um breytingu á I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 að því er varðar að taka tiltekin bragðefni af skrá Sambandsins (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 frá 16. desember 2008 um bragðefni og tiltekin innihaldsefni matvæla, sem hafa bragðgefandi eiginleika, til notkunar í og á matvæli og um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1601/91, reglugerðum (EB) nr. 2232/96 og (EB) nr. 110/2008 og tilskipun 2000/13/EB ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 11. gr. og 3. mgr. 25. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum ⁽²⁾, einkum 4. mgr. 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 er sett fram skrá Sambandsins yfir bragðefni og grunnefni sem samþykkt eru til notkunar í og á matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra.
- 2) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 872/2012 ⁽³⁾ var samþykkt skrá yfir bragðefni og var sú skrá færð inn í A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008.
- 3) Uppfæra má skrána í samræmi við sameiginlegu málsmeðferðina sem um getur í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008, annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar aðildarríkis eða hagsmunaaðila.
- 4) Skrá Sambandsins yfir bragðefni og grunnefni inniheldur nokkur efni sem Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) hefur farið fram á að frekari vísindagögn verði lögð fram fyrir með það að markmiði að ljúka matinu áður en tilteknir frestir, sem eru fastsettir í A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008, renna út.
- 5) Þegar um er að ræða eftirfarandi fimm efni: 1-metýlnaftalín (FL-nr. 01.014), fúrfúrýlmetýleter (FL-nr. 13.052), dífúrfúrýlsúlfíð (FL-nr. 13.056), dífúrfúrýleter (FL-nr. 13.061) og etýlfúrfúrýleter (FL-nr. 13.123) var eindaginn 31. desember 2013 fastsettur í skrá Sambandsins vegna framlagningar á umbeðnum frekari vísindagögnum.
- 6) Ef nauðsynlegar upplýsingar eru ekki lagðar fram innan tilgreindu tímamarkanna verður viðkomandi bragðefni fjarlægð af skrá Sambandsins.
- 7) Frekari vísindagögn höfðu ekki verið lögð fram 30. júní 2014 í kjölfar sérstakra álita Matvælaöryggisstofnunarinnar ⁽⁴⁾ í tengslum við þessi efni. Af þeim sökum ætti að fjarlægja þessi bragðefni af skrá Sambandsins.
- 8) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 1334/2008 til samræmis við það.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 181, 9.7.2015, bls. 54. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 248/2015 frá 30. október 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 34.

(2) Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1.

(3) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 872/2012 frá 1. október 2012 um samþykkt skrárinnar yfir bragðefni, sem kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2232/96, og upptöku hennar í I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 og um niðurfellingu reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1565/2000 og ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 1999/217/EB (Stjtið. ESB L 267, 2.10.2012, bls. 1).

(4) Scientific Opinion on Flavouring Group Evaluation 78 (FGE.78), *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* (2009) 931, 1–59; Scientific Opinion on Flavouring Group Evaluation 67, Revision 1 (FGE.67Rev.1), *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2011 9(10), 2315; Scientific Opinion on Flavouring Group Evaluation 65 (FGE.65), *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2010, 8(7), 1406.

- 9) Í 1. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 873/2012 ⁽⁵⁾ er mælt fyrir um umbreytingarráðstafanir vegna matvæla, sem innihalda bragðefni, sem eru sett löglega á markað eða merkt fyrir 22. október 2014. Ef til vill nægja þessar umbreytingarráðstafanir ekki vegna matvæla sem innihalda bragðefni sem á að fjarlægja af skrá Sambandsins eftir 22. október 2014. Af þeim sökum ætti að kveða á um viðbótarumbreytingartímabil fyrir matvæli sem innihalda bragðefnin fimm til að gera stjórnendum matvælafyrirtækja kleift að aðlagast kröfunum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.
- 10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Matvæli sem innihalda bragðefnin fimm sem getið er í viðaukanum við þessa reglugerð, sem eru sett löglega á markað eða merkt innan níu mánaða frá gildistöku þessarar reglugerðar en uppfylla ekki kröfurnar í A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008, má setja á markað til síðasta dags lágmarksgeymsluþols þeirra eða síðasta notkunardags.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. júlí 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

⁽⁵⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 873/2012 frá 1. október 2012 um umbreytingarráðstafanir varðandi skrá Sambandsins yfir bragðefni og grunnefni í I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 (Stjtið. ESB L 267, 2.10.2012, bls. 162).

VIÐAUKI

Í A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 falli eftirfarandi færslur brott:

„01.014	1-metýlnaftalín	90-12-0	1335	11009			4	JECFA/EFSA
13,052	Fúrfúrýlmetýleter	13679-46-4	1520	10944			4	Matvælaöryggisstofnun Evrópu
13,056	Dífúrfúrýlsúlfíð	13678-67-6	1080	11438			4	Matvælaöryggisstofnun Evrópu
13,061	Dífúrfúrýleter	4437-22-3	1522	10930			4	Matvælaöryggisstofnun Evrópu
13,123	Etýlfúrfúrýleter	6270-56-0	1521	10940			4	Matvælaöryggisstofnun Evrópu“